

## REGLUGERÐ

### um bann við öllum togveiðum við Suðausturströndina.

#### 1. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20.00 29. júlí til og með 31. ágúst 1993 eru allar togveiðar þar með taldar rækju- og humarveiðar bannaðar við Suðausturströndina á eftirgreindum svæðum:

1. Á Papagrunni og Lónsdjúpi á svæði, sem markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                          |                           |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. 64°33'0 N – 13°23'0 V | 7. 64°05'0 N – 14°42'0 V  |
| 2. 64°23'0 N – 13°21'0 V | 8. 64°16'0 N – 14°42'0 V  |
| 3. 64°23'0 N – 13°40'0 V | 9. 64°20'0 N – 14°25'0 V  |
| 4. 64°12'0 N – 13°40'0 V | 10. 64°25'0 N – 14°15'0 V |
| 5. 64°12'0 N – 14°13'0 V | 11. 64°25'0 N – 13°54'0 V |
| 6. 64°05'0 N – 14°13'0 V | 12. 64°35'0 N – 13°38'0 V |

2. Á Stokksnesgrunni á svæði, sem markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| 1. 64°00'0 N – 14°25'0 V | 3. 63°50'0 N – 14°45'0 V |
| 2. 63°50'0 N – 14°25'0 V | 4. 64°00'0 N – 14°50'0 V |

3. Á Síðugrunni á svæði, sem markast af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| 1. 63°26'0 N – 17°12'0 V | 3. 63°15'0 N – 17°35'0 V |
| 2. 63°20'0 N – 17°12'0 V | 4. 63°21'0 N – 17°35'0 V |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi kl. 20.00 29. júlí 1993. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 258, 1. júlí 1993 um bann við togveiðum í Lónsdjúpi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júlí 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*